

**Erindi Vigdísar Jónsdóttur, sagnfræðings og fyrrv. aðstoðarskrifstofustjóra
Alþingis haldið 1. sept. 2018 í Múlakotsgarðinum.**

Mig langar til að þakka vinafélagi Múlakots fyrir tækifærið til að segja frá ömmu minni, Vigdísi Eyjólfsdóttur, sem var alin upp hér í Múlakoti, en sl. sunnudag voru 125 ár frá fæðingu hennar.

Amma Vigdís var fædd að Snjallsteinshöfðahjáleigu í Rangárvallasýslu 26. ágúst 1893. Foreldrar hennar voru hjónin Eyjólfur Þorleifsson, smiður, frá Múlakoti í Fljótshlíð og Guðrún Einarsdóttir frá Gunnarsholti, sem lést innan árs eftir fæðingu ömmu.

Eyjólfur faðir Vigdísar var flinkur trésmiður, útskurðarmaður og bóndi, sonur Þuríðar Jónsdóttur frá Gunnarsholti og Þorleifs Eyjólfssonar frá Fljótsdal, bónda og silfursmiðs í Múlakoti. Um Þuríði og Þorleif, eru rituð eftirfarandi eftirmæli sem hanga í Hlíðarendakirkju: „Þau áttu 7 börn, en aðeins tvö lifa móður sína. Hún varð ekkja 25. júní 1887. Hún bjó eftir það 9 ár og uppfóstraði 2 munaðarlaus börn. Hún brá búi 1896 vegna veikinda og var síðan hjá dóttur sinni. Hún andaðist 19. okt. 1908. Hún var hjartfólgin hugprúðum maka; braut á blessunar börn sín leiddi; heimilisins sól; hjálpfús og ör; sig á Guðs vald gaf í gleði og þrautum.“

Börnin tvö sem upp komust voru Eyjólfur og yngri systir hans Guðbjörg Aðalheiður.

Í ættinni hefur mikið listfengi og handlagni erfst mann fram af manni.

Hjá sumum ættmennum mínum var ekki verið að fara langt til að finna maka því Guðrún og Eyjólfur, foreldrar ömmu Vigdísar voru börn hálsystra, þeirra Vigdísar og Þuríðar, sem voru dætur Jóns Jónssonar frá Kaldrananesi í Mýrdal.

Og Guðbjörg í Múlakoti systir Eyjólf, og Túbal maður hennar voru börn albræðra.

31 árs stóð Eyjólfur uppi ekill með eins árs gamla dóttur. Hann brá búi í Snjallsteinshöfðahjáleigu og flutti heim til Þuríðar móður sinnar. Vigdís amma mín ólst sem sagt upp í skjóli föðurömmu sinnar í Múlakoti og fékk að kalla hana mömmu.

Amma átti góða og glaða bernsku og var alin upp við leik og störf í Múlakoti með frændsystkinum sínum, börnum Guðbjargar föðursystur sinnar og Túbals. Frændsystkinin voru í aldursröð Guðbjörg Lilja, Ólafur Karl Óskar, Þuríður Soffía og Ragnheiður Ágústa og jafnframt uppeldissystir þeirra Soffía Gísladóttir.

Múlakot, sem var rómað fyrir myndarskap, var eitt fyrsta gistiheimili sinnar tegundar í sveit á Íslandi. Þar ríkti mikil gleði og söngur, margir listmálarar dvöldu þar og ekki spilltu fyrir fallettu heimasæturnar. Gestum mætti mikil gestrisni og hlýja, og auðgaði það líf margar að koma og dvelja í Múlakoti um lengri eða skemmri tíma. Þar var fyrsta skrudgarðinum utan Reykjavíkur komið á fót 1897; Guðbjörg gerði garðinn með

dyggri aðstoð Eyjólfur bróður síns. Hann færði henni vasaklút með þremur reyniviðarplöntum úr Nauthúsagili 1897 og voru þær fyrstu trjáplönturnar sem gróðursettar voru við heimahús í Fljótshlíðinni. Múlakot fékk rafmagn árið 1927 þegar bæjarlækurinn var virkjaður og heimarafstöð var sett upp. Er gestum minnisstætt hvernig Múlakotsgarðurinn var raflýstur með marglitum ljósum eftir að skyggja tók.

Var takmark margra ferðalanga að ferðast austur í Múlakot og sjá hinn fræga trjá- og blómagarð. Samtíma lýsing ferðamanns frá Vesturheimi á Múlakotsgarðinum er svohljóðandi: „Eru trjágarðarnir fallegir. Milli trjáanna er svartur sandur og götur hreinar og sléttar. Þar inni á milli trjáanna eru tyrfðir legubekkir með upphækkuðu höfðalagi. Legubekkir þessir eru bara hlaðnir úr jörð og vallgrónir. Uppi yfir þeim eru rafljós. Getur maður lagt sig þar fyrir, snúið á ljósi og lesið, ef maður vill, eða bara sofnað — æfinlega óhræddir og óhultir fyrir óþverra pöddum og skrið- eða flugkvikindum, — því slíkt er varla til á Íslandi ... „ sagði Vestur-Íslendingurinn.

Vigdís var orðin 15 ára þegar Þuríður amma hennar, sem hafði gengið henni í móðurstað, dó.

Stuttu eftir það sendi Eyjólfur dóttur sína í læri að Odda á Rangárvöllum, en prestssetrið og menntasetrið þar þótti góður skóli fyrir ungar heimasætur. Frá Odda réðist hún að prestssetrinu Holti undir Eyjafjöllum til að nema hannyrðir og sauma. Í Holtshverfinu eru nokkrir bæir og næsti bær við Holt er býlið Ormskot. Þegar amma kom fyrst í Holt heyrði hún mikið talað um Seppa og Madda og hélt að það væru hundarnir í Ormskoti. En svo kom í ljós að það voru Jósep og Maríus, myndarlegir synir Elínar og Jóhanns bænda í Ormskoti.

Vigdís og Maríus afi minn kynntust sem sagt þegar amma dvaldi í Holti, og er þau höfðu trúlofað sig fluttu þau til Vestmannaeyja. Afi hafði áður verið í Eyjum sem unglundur til að byggja húsið Bræðraborg með Guðjóni bróður sínum sem seinna var ávallt kenndur við Heiði í Vestmannaeyjum, sem hafði flust til Eyja 1906. Vestmannaeyjar voru í miklum uppgangi á þessum árum og út í Eyjar fóru margir úr Hlíðinni, Landeyjunum og undan Fjöllunum til að vinna. Vigdís og Maríus giftu sig 9. maí 1915 og bjuggu næstu fimm árin í Vestmannaeyjum. Í Eyjum stundaði afi Maríus algeng störf, vann við sjóverk og réri um tíma með Guðjóni bróður sínum, sem var mikill víðfrægur aflamaður og kempa.

Árin í Eyjum voru ungu hjónunum erfið á margan hátt, Eyþór Elías, frumburður afa og ömmu dó hálfárs í mars 1917 og Eyjólfur, faðir ömmu, lést í byrjun árs 1919. Sjóróðrar voru erfiðir frostaveturinn mikla og tekjurnar minnkuðu.

Árið 1920 fluttu Vigdís og Maríus til Reykjavíkur með tvær dætur sínar fæddar 1918 og 1919 og voru búsett þar upp frá því. Maríus var togarasjómaður með löngum fjarvistum frá heimilinu og vann við það meira en tvo áratugi. Afi Maríus var hár, grannvaxinn og einstakt snyrtimenni. Hann var vel gefinn og duglegur, mikill stærðfræðingur, reikningur og meðferð talna lá ákaflega létt fyrir honum, hafði hann mikið langað til að læra en faðir hans gat ekki styrkt hann til náms. Reglusemi var honum í blóð borin, aldrei var reykt eða drukkið á heimilinu. Afi var heilsteyptur og fáskiptinn, amma var allt hans líf.

Afa fannst mikill þrældómur að vera á togara og sagði mér að mesta breyting sem hann hefði upplifað á sinni ævi væru vökulögin þar sem lögbundinni 6 tíma hvíld var komið á. Var afa jafnframt minnisstætt alla ævi að hafa bjargast úr Halaveðrinu 1925 og komist við nauman leik að landi.

Eftir að amma og afi fluttu til Reykjavíkur eignuðust þau fjögur börn til viðbótar: Eyrúnu, Má, Guðbjörgu Lilju móður mína sem er með okkur hér, og Jóhann Má. Þau urðu fyrir mikilli sorg að missa tvo syni, Eyþór dó eins og áður sagði hálfárs gamall í Vestmannaeyjum og Már dó af slysförum 10 ára í Reykjavík. Þegar Már lést áttu afi og amma fjórar dætur á ýmsum aldri og 4 mánaða son - og afi alltaf á sjónum. Amma var sjómanskona í 25 ár og bar því mikla ábyrgð á heimili og börnum, hún vildi fá mann sinn af sjónum og í stríðsbyrjun gerðist hann sundhallarvörður í Sundhöllinni í Reykjavík – þá um fimmtugt.

Ömmu Vigdísi var í blóð borið mikil skapgæði og hversdagslegum hnökrum eyddi hún með brosi og ljúfmennsku og gekk syngjandi um allt, vel gefin, skemmtileg og afar félagslynd. Allt sem amma tók sér fyrir hendur einkenndist af listfengi, m.a. saumaði og þrjónaði hún mjög fallegar flíkur á börnin sín. Amma var afar létt í lund og framtakssöm - einu sinni eða tvisvar var amma búin að selja og kaupa nýtt íbúðarhúsnæði þegar afi kom af sjónum. Afi elskaði ömmu meira en allt annað og þeirra samband var einstakt, allt sem amma tók sér fyrir hendur var fullkomið í augum afa.

Amma Vigdís hafði ómælda orku, hún stofnaði kvenfélag Hallgrímskirkju 1942 ásamt fleiri konum og sat í stjórn lengi. Kvenfélagið vann ötullega að undirbúningi byggingar Hallgrímskirkju meðal annars með ótal fjáröflunarsamkomum. Á fyrstu árum kvenfélagsins höfðu félagskonur tvisvar sinnum útiskemmtun í Hljómskálagarðinum og stóð sú síðari í tvo daga og var þá útiguðspjónusta á sunnudegi og dans á palli um kvöldið og veitingasala í stórum tjöldum. Mamma man mjög vel eftir mörgum fundum kvenfélagsins heima í Meðalholti á fimmta áratugnum.

Heimili afa og ömmu stóð lengst af í Meðalholti 8. Mikil gestrisni einkenndi heimilið alla tíð og var náinn samgangur milli ömmu og afa og Múlakotssystkinanna og jafnframt Soffíu í Deild, uppeldissystur hennar. Hést náíð samband og vinsemd milli þeirra og afkomenda þeirra alla tíð. Alltaf var gíst hjá afa og ömmu ef einhver átti leið í bæinn og margar ferðir voru farnar austur í Múlakot og dvalið þar.

Þau voru mjög trúrækin. Einkennandi var þegar maður kom inn í ganginn mætti manni stór stytta af Jesú krossfestum. Eins var stór mynd af Jesú á Genesaretvatni í stofunni og var hún við hlið myndar af Má heitnum á líkbörunum. Mér fannst það frekar óhugnanlegt þegar ég var lítil. Mikið var af inniblómum í stofunni og fermingarmyndir af öllum barnabörnunum.

Amma Vigdís lærbrotnaði upp úr 1970 og komst ekki á fætur eftir það. Þá tók afa að sér umönnun ömmu og allt heimilishald, matseld og þrif og gerði það með mikilli elsku og ástúð. Amma dó 3. maí 1977. Voru þau þá búin að vera gift í rétt 62 ár.

Afa og amma höfðu ekki fengið að njóta skólagöngu svo nokkru nam en þau settu sér það takmark að mennta börnin sín sem best, og gildi góðrar menntunar hefur einnig skilað sér til afkomenda þeirra, því þó að afa og amma hafi ekki átt þess kost að fara í skóla hefur hinn stóri hópur afkomenda þeirra bætt um betur. Niðjar afa og ömmu eru núna 124.

Mig langar til að bæta við persónulegri minningu – öll uppvaxtarár okkar systkinanna komum við hingað á sumrin og gístum annað hvort í Múlakotsbænum, í tjaldi við grafreitinn eða í Fíubústað til lengri eða skemmri tíma, og yfirleitt var Ella systir mömmu og fjölskylda hér á sama tíma. Eigum við barnabörn ömmu Vigdísar ógleymanlegar minningar frá þessum dýrðardögum.

Mig langar til að ljúka þessari stuttu samantekt með ljóði eftir föður minn, Jón I. Bjarnason, Vestfirðinginn sem varð fyrir sterkum hughrifum hér í Hlíðinni og sérstaklega í garðinum í Múlakoti þar sem við stöndum nú. Hann orti þetta ljóð er Guðbjörg lést.

Í djúpi hvítra rósa

Fögur er hlíðin
foss í hamragili
fellur að ósi
berglind silfurtær.
Laufviði smáa
ljúfast móðir elur
leikur í skógi
þýður sumarblær

Fellur að ósi
fljót með þungum niði
firðbláar öldur
hvísla undur hljótt.
Haustlaufið bleika
að brúnum sverði hnígur
með bjarkanna ilm
í vökulausa nótt.

Himininn tindrast,
hafdjúp stjörnuljósa,
heilög er stundin
vörðuð bæn og þökk.
Minningin varir,
merluð aftanskini,
máttug og hlý
í djúpi hvítra rósa.